



3.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga haldinn í ráðhúsi Árborgar 9. desember 2014 kl. 11.

Mætt: Ari Thorarensen, Sveinn Steinarsson, Ragnar Magnússon, Aldís Hafsteinsdóttir varamaður Ninnu Sifjar Svavarsdóttur og Arna Ír Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. **Launamál.** Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar kemur inn á fundinn. Launamál forstöðumanna stofnana Héraðsnefndar til umræðu.

- Formanni og fjárhaldsmanni falið að ræða við forstöðumann Héraðsskjalasafns um launamál hans.
- Formanni falið að láta gera úttekt á launamálum Brunavarna Árneseinga og fá til þess ráðgjöf sérfræðinga á því sviði.

2. **Aukafjárveitingar vegna Tónlistarskóla Árneseinga.**

Ekki liggur fyrir hver viðbótarkostnaður vegna nýrra kjarasamninga við tónlistarskólakennara verður. Tónlistarskóli þarf að senda nýja launaáætlun á sveitarfélögin þegar hún liggur fyrir.

3. **Bréf frá HSK.**

Ósk um áframhaldandi fjárframlag Héraðsnefndar til HSK og þakkir fyrir veittan stuðning. Samþykkt var á haustfundi að veita styrk eins og verið hefur undanfarin ár.

4. **Bréf frá Atvinnuvegaráðuneyti.**

Bréf frá Atvinnuvegaráðuneyti vegna fjallskilareglugerðar. Formanni falið í samvinnu við oddvita austan Hvítár að koma með tillögu að nýrri grein í reglugerðinni.

5. **Önnur mál.**

- Á haustfundinum í okt. sl. var rætt um mikilvægi þess að Brunavarnir Árneseinga ynnu þriggja ára áætlun um endurnýjun búnaðar. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að slík áætlun liggi fyrir á vörfundum 2015.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sveinn Steinarsson

Ari Björn Thorarensen

Ragnar Magnússon

Aldís Hafsteinsdóttir

Ingibjörg Garðarsdóttir